

**194. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, miðvikudaginn 29. júní 2022 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Guðrún Sigvaldadóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri og Ásbjörn Egilsson.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

Eftirfarandi áheyrnarfulltrúar taka sæti á fundinum:

Íris G. Sigurðardóttir fulltrí skólastjórnenda

Guðrún Sigvaldadóttir fulltrúi leikskólakennara

Gestir á fundinum

Alfreð Alfreðsson og Ásbjörn Egilsson frá skipulags- og umhverfissviði.

Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir fulltrúi í foreldraráði Garðasels.

**1. 2008156 - Leikskóli Skógarhverfi, Asparskógar 25**

Staðan í framvindu byggingar nýs leikskóla við Asparskóga og aðgerðir til að bregðast við seinkun á opnun hans.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Ásbirni og Alfreð fyrir góða kynningu á framvindu í byggingu leikskólans.*

*Í upphaflegum áætlunum um byggingu nýs leikskólahúsnæðis fyrir leikskólann Garðasel var gert ráð fyrir að allt starf leikskólans flyttist inn í nýja byggingu í ágúst 2022. Þegar fór að líða á framkvæmdatímann kom í ljós að seinkun yrði á framkvæmdunum sem skýrist af ýmsum orsökum. Þegar það lá fyrir voru gerðar ráðstafanir til þess að tvær deildar yrðu tilbúnar við upphaf starfs í ágúst 2022 og á þeim forsendum samþykkti skóla- og frístundaráð á 187. fundi sínum þann 22.3. að innrita börn fædd til og með júlí 2021 í leikskólana á Arkanesi. Þá var jafnframt bókað „Ef frekari tafir verða á byggingu leikskólans við Asparskóga er búið að tryggja leikskólastarfinu annað hentugt húsnæði þar til leikskólinn verður tekinn í notkun.“*

*Í byrjun maí var það ljóst að markmiðið um að tvær deildar yrðu tilbúnar við upphaf leikskólastarfs í ágúst, næðist ekki og var því hafist handa við að finna fullnægjandi húsnæði fyrir hóp úr leikskólanum til að brúa þann tíma frá því að starfið hefist í ágúst og þar til a.m.k. tvær deildar verða tilbúnar í nýja leikskólanum.*

*Besti kosturinn er talinn vera að fá aðgang að „Þekjunni“ sem er nýuppgerð húsnæði, fyrir tuttugu og þrjú elstu börnin á leikskólanum, en Brekkubæjarskóli hefur nýtt rýmið fyrir frístundaheimili. Skólastjórnendur Brekkubæjarskóla hafa af mikilli velvild verið fús til samstarfs til þess að mæta þörfum leikskólans.*

*Á síðustu dögum hefur verið unnið ötulega að því að ná samstarfi við verktaka við byggingu leikskólans um að hægt verði að opna tvær deildar í nýja leikskólanum um mánaðarmótin september / október og er talið fullvisst að það gangi eftir. Stjórnendur í Garðaseli undirbúa nú að fullum krafti upphaf skólastarfs í ágúst og flutning í nýjan leikskóla. Í ágúst er gert ráð fyrir að skólinn starfi á tveimur*

starfsstöðvum og elsti árgangurinn fari tímabundið á Þekjuna en strax í október munu þau fara í nýja leikskólann. Þrátt fyrir nýjar aðstæður verður áfram lögð mikil áhersla á að það gæða leikskólastarf sem hefur einkennt starfið á Garðaseli hingað til.

Áheyrnarfulltrúar og gestir víkja af fundi.

**2. 2002069 - Menntastefna- endurnýjun**

Kynning á samþykktri menntastefnu Akraneskaupstaðar

**3. 2203240 - Starf forstöðumanns íþróttamannvirkja 2022**

Kynning á ráðningu í starf forstöðumanns íþróttamannvirkja á Akranesi.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir  
Eignar Brandsson  
Lín íse Skarstad  
Valgerður Jundadóttir  
Dagný Hauksdóttir